

Námskeið um starfsframa og lýðheilsu

ENDURMENNTUNARSTOFNUN Háskóla Íslands efnir til tveggja námskeiða í apríl sem ættu að höfða til lækna enda haldin í samvinnu við samtök sem standa læknum nærri.

Fyrri námskeiðið verður dagana 23. og 24. apríl og ber heitið *Heilsa og starfsframi – áhrif álags í starfi og kynbundnir erfiðleikar*.

Þetta námskeið er haldið í samvinnu við Félag kvenna í læknastétt á Íslandi. Fjallað verður um heilsu og álag í starfi með skírskotun til kynbundinna erfiðleika. Skoðaður verður framgangur kvenna í starfi, menntun og starfsvali og velt upp spurningunni hvort fjölskyldumál og skortur á fyrirmyndum dragi úr möguleikum kvenna til metorða. Einnig verður leitað svara við þessum spurningum: Fá stúlkur sömu hvatningu og drengir að vera ákveðnar, metnaðargjarnar og kappsamar? Er mismunandi uppeldi og kröfur til drengja og stúlkna stúlkunum fjötur um fót? Hvernig bregðast konur og karlar við álagi, áreitni í starfi og námi?

Umsjón með námskeiðinu hafa Halldóra Ólafsdóttir, Helga Hannesdóttir og Sigurlaug M. Karlsdóttir geðlæknar á LSH en aðalfyrirlesarar eru Carole C. Nadelson og Donna E. Stewart. Nadelson er prófessor í geðlækningum við Harvard Medical School í Boston og hefur stundað rannsóknir á heilsufari kvenna. Hún varð fyrst kvenna formaður bandarísku geðlæknasamtakanna og stýrir útgáfufyrirtækinu Psychiatric Press. Stewart er prófessor í fjölskyldu- og samfélagslækningum við Háskólann í Toronto og

við General sjúkrahúsið í Toronto, Kanada. Hún hefur stundað rannsóknir á heilsu lækna í Kanada.

Síðara námskeiðið er í samvinnu Félag um lýðheilsu og fjallar um *lýðheilsu og heilsueflingu*. Námskeiðið stendur dagana 25. og 26. apríl og tveir þekktir breskir sérfræðingar verða meðal fyrirlesara.

Á námskeiðinu verður fjallað um undirbúning og framkvæmd verkefna á sviði lýðheilsu í ljósi þróunar undanfarinna áratuga. Jafnframt verður fjallað um vísindavinnu og útgáfu fræðilegra greina um sama efni.

Þrjú fyrirlesarar verða á námskeiðinu: dr. Geir Gunnlaugsson yfirlæknir Miðstöðvar heilsuverndar barna við heilsugæsluna í Reykjavík en hann er formaður Félags um lýðheilsu og tveir Bretar, dr. Gordon MacDonald yfirmaður lýðheilsu og heilsugæslu við Háskólann í Glamorgan, School of Care Science í Wales og dr. Diane Watkins yfirmaður heilsugæslu og heilsueflingar við University of Wales, College of Medicine, School of Nursing.

Öll hafa þau mikla reynslu af störfum á sviði lýðheilsu og heilsuvernd og hafa sinnt kennslu og rannsóknum. Gordon MacDonald er svæðisritstjóri vísindaritsins Health Promotion International og í ritstjórn fleiri tímarita, hann hefur gefið út bækur og verið ráðgjafi hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, Alþjóðabankanum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Kennslan á námskeiðinu verður í formi fyrirlestra og vinnusmiðja og fer fram á ensku.